

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Auði Auðuns.

1. Varatillaga við 1. gr. Við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:  
Heimilt er sveitarstjórn, að fenginni umsögn fræðsluráðs, að ákveða, að skyldunám skuli ná til 7—15 ára barna og unglinga, enda samþykki menntamálaráðuneytið þá ákvörðun.
2. Við 3. gr. 2. mgr. orðist svo:  
Hann getur verið ein stofnun eða verið skipt í einingar, tvær eða fleiri, eftir því sem hlutaðeigandi fræðsluráð ákveður.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna „ráðuneytinu að fenginni tillögu hlutaðeigandi fræðsluráðs“ komi: fræðsluráði með samþykki menntamálaráðuneytisins.
4. Við 11. gr. 1. mgr. orðist svo:  
Fræðsluráð skal skipað 5 eða 7 mönnum, sem kjörnir eru af hlutaðeigandi landshlutasamtökum, er ákveða fjölda þeirra samkvæmt framansögðu. Jafn margir skulu kjörnir til vara. Um kosningu og starfshætti fer samkvæmt lögum og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga, en að öðru leyti eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961.
5. Við 12. gr. 4. tölul. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytisins“ komi: hlutaðeigandi landshlutasamtaka sveitarfélaga.
6. Við 13. gr.
  - a) 1. mgr. orðist svo:  
Landshlutasamtök sveitarfélaga setja eða skipa fræðslustjóra.
  - b) Við 2. mgr. Í stað orðanna „Menntamálaráðuneytið auglýsir“ komi: Landshlutasamtök sveitarfélaga auglýsa.

**Varatillaga**

  1. mgr. orðist svo:  
Menntamálaráðuneytið setur eða skipar fræðslustjóra samkvæmt tillögu hlutaðeigandi landshlutasamtaka sveitarfélaga.
7. Við 14. gr. 1. mgr. orðist svo:  
Fræðslustjóri er framkvæmdastjóri fræðsluráðs og fulltrúi menntamálaráðuneytisins. Hann veitir forstöðu fræðsluskrifstofu umdæmisins.
8. Við 15. gr.
  - a) Í stað 1. og 2. mgr. komi ný mgr., svohljóðandi:  
Landshlutasamtök sveitarfélaga ákveða fræðsluskrifstofu stað, en fræðsluráð ræður starfsfólk hennar að fengnum tillögum fræðslustjóra.
  - b) Í 3. mgr., er verði 2. mgr., falli niður orðin „enda komi samþykki menntamálaráðuneytisins til“.
9. Við 16. gr. 4. mgr. orðist svo:  
Landshlutasamtök sveitarfélaga gera í samráði við menntamálaráðuneytið áætlun um skiptingu hvers umdæmis í skólahverfi og leggja tillögur sínar þar um fyrir fræðsluráð sem umræðugrundvöll, en fræðsluráð kynnir þær sveitarstjórnnum, skólanefndum og skólástjórum, sem hlut eiga að máli. Lögð skal áhersla á, að samkomulag verði með aðilum, en takist það ekki innan hóflegs tíma, kveður ráðuneytið til eins fundar eða fleiri með þessum aðilum um tillögurnar. Náist ekki samkomulag, sker menntamálaráðuneytið úr.
10. Við 24. gr. 6. mgr. Í stað orðanna „enda liggja fyrir umsögn skólanefndar og samþykki menntamálaráðuneytisins“ komi: enda hamlí notkun slíks húsnaðis ekki skólastarfi að dómi skólanefndar og menntamálaráðuneytisins.
11. Við 65. gr., 1. mgr. Niður falli orðið „opinberum“ í 1. málslið.
12. Við 71. gr. 2. mgr. orðist svo:  
Ráðuneytið setur starfsmönnum erindisbréf í samráði við fræðsluráð.